



Áslaug Hulda Jónsdóttir

Bæjarskrifstofa Garðabæjar
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík 8. apríl 2019

Efni:

Styrkbeiðni, Sjónarhóll-ráðgjafarmiðstöð ses. fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir, barna í vanda.

Með bréfi þessu óskar Sjónarhóll-ráðgjafarmiðstöð ses. eftir stuðningi Garðabæjar. Frá stofnun Sjónarhóls hefur aðsóknin aukist jafnt og eru nú tveir ráðgjafar í fullu starfi auk framkvæmdastjóra í rúmlega hálfu starfi sem ráðgjafi. Ráðgjafar fara á fundi með foreldrum og fagfólki og er öll þjónusta Sjónarhóls endurgjaldslaus.

Sjónarhóll-ráðgjafarmiðstöð ses. fyrir foreldra barna með sérþarfir tók til starfa 1. ágúst 2004. Stofnfélög ráðgjafarmiðstöðvarinnar eru *ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum.*

Bakhjarlar Sjónarhóls-ráðgjafarmiðstöðvar ses. eru Velferðarráðuneytið og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Styrkumhverfið hefur breyst mikið síðan Sjónarhóll var stofnaður og vilja stórfyrirtæki, stofnanir og félög styrkja ákveðin sýnileg verkefni en þess verður að geta að verkefni okkar á Sjónarhóli eru öll börn.

Markmið Sjónarhóls er að fjölskyldur barna með sérþarfir njóti jafnréttis og sambærilegra lífskjara á við aðrar fjölskyldur og búi við lífsskilyrði sem gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi. Á Sjónarhóli höfum við hagsmuni fjölskyldna að leiðarljósi, veitum foreldramiðaða ráðgjafarþjónustu þar sem þarfir fjölskyldunnar eru í brennidepli, styðjum börn með því að styðja við foreldra. Leggjum áherslu á að þjónustan sé aðgengileg, höfum heildarsýn yfir þjónustuúrreði og leitumst við að tengja þjónustuúrreði þörfum fjölskyldunnar. Fjölskyldur fá viðtöl við ráðgjafa með sérþekkingu á málefnum barna óháð búsetu eða öðru. Ráðgjafar Sjónarhóls hlusta á foreldra og leita lausna í samvinnu við þá. Stundum nægja nokkur viðtöl og símtöl en í flestum tilfellum er efnt til stærri funda með öllum er koma að barninu. Ráðgjafar fylgja foreldrum er þess óska til fundar við skóla, félagsráðgjafa, lækna eða aðra þá sem veita þeim þjónustu. Þjónusta Sjónarhóls er einstaklingsmiðuð á allan hátt, hvert barn er sérstakt og fátt okkur óviðkomandi. Ráðgjöf og stuðningur á vegum Sjónarhóls er endurgjaldslaus, ekkert aldurstakmark er og hvorki þarf tilvísun né að barn sé með greiningu til að fá þjónustu.

Frá stofnun Sjónarhóls hefur aðsóknin aukist jafnt og þétt og Sjónarhóll áunnið sér ákveðinn sess í samfélaginu sem ráðgjafarmiðstöð með mikla þekkingu. Með þessu bréfi förum leitumst við eftir því að Garðabær styrki Sjónarhól. Ráðgjafar Sjónarhóls hafa fjölbreytta reynslu og þekkingu á mismunandi þjónustukerfum og aðstæðum fjölskyldna barna með sérþarfir og viljum við bæta þjónustu fyrir foreldra barna með sérþarfir í Garðabæ.



Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá samband við undirritaða.
Frekari upplýsingar um Sjónarhól er að finna á heimasíðu okkar www.sjonarholl.is

Með von um jákvæð viðbrögð.

Sigurros Á. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri
sigurros@sjonarholl.net
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
Sími: 5351900